

Hörgársveit

Ljósastaurar við heimreiðar

UPPSETNING OG VIÐHALD

Vinnureglur

Uppsetning

Hörgársveit lætur setja upp ljósastaura við heimreiðar í sveitarfélaginu að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Skrifleg umsókn til Hörgársveitar um uppsetningu ljósastaura hefur verið samþykkt í samræmi við vinnureglur sveitarstjórnar
- Gerður hefur verið skriflegur samningur milli sveitarfélagsins og eiganda viðkomandi húss þar sem m.a. er kveðið á um að:
 - eigandinn skuldbindur sig til að greiða innkaup og uppsetningu annarra ljósastaura en endastaura
 - eigandinn tekur ábyrgð á og kostnað af að unnt sé að tengja ljósastaura, á viðeigandi stað, í rafmagnstöflu hússins
 - Hörgársveit er eigandi endastaura og rafstrengs sem tengir þá saman og að skriflegt leyfi Hörgársveitar þarf fyrir tilfærslu og öllum öðrum breytingum á endastaurum og streng
 - eigandinn greiðir innkaup á rafmagni fyrir alla staura heimreiðarinnar.

Viðhald

Hörgársveit annast viðhald á öllum staurum.

Viðhald ljósastaura fer fram þrisvar á ári, í mars, september og desember.

Sé þörf viðhalds á ljósastaurum í eigu Hörgársveitar skal skrifstofu sveitarfélagsins tilkynnt um það. Tilkynning vegna viðhalds í september skulu hafa borist fyrir 1. sept., tilkynningar vegna viðhalds í desember skulu hafa borist fyrir 1. des. og tilkynningar vegna viðhalds í mars skulu hafa borist fyrir 1. mars.

Viðhald á staurum og rafstrengjum utan ofangreinds tíma er á kostnað og ábyrgð viðkomandi húseiganda.

Samþykkt í sveitarstjórn 23. september 2021